

ásamt rökstuðningi fyrir breytingunni áður en málið kemur til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

### 3. Vegagerðin – niðurfelling vega af vegaskrá:

Lögð fram tilkynning frá Vegagerðinni um niðurfellingu vega af vegaskrá. Með vísan í gildistöku vegalaga nr. 80/2007, falla eftirfarandi vegir ekki undir skilgreinda þjóðvegi: hluti Hjallavegar og vegir að Holti, Tröð, Skólastjórabústað (Gerði) og Hólabraut. Mun því Vegagerðin hætta að greiða fyrir viðhald og þjónustu á umræddum vegum frá og með 1. janúar 2013. Sveitarstjórn gerir þá athugasemd að „hluti Hjallavegar“ falli út af vegaskrá þar sem sá hluti lendir á milli héraðsvega sem Vegagerðin viðheldur og þjónustar.

### 4. Samningar vegna snjómoksturs:

Samningar vegna snjómoksturs í Þingeyjarsveit teknir til umræðu. Ólína og Eiður yfirgáfu fundinn undir þessum lið vegna vanhæfis. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga til samninga við snjómokstursmenn.

### 5. Umsókn um rekstrarleyfi – Gerði-heimagisting:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík um nýtt rekstrarleyfi fyrir Ragnheiði Árnadóttur til sölu gistingar og/eða veitingu veitinga í Gerði-heimagisting. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.

### 6. Breyting á rekstrarleyfi – Gamli barnaskólinn, Skógum:

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Húsavík um breytingu á rekstrarleyfi fyrir Gamla barnaskólann, Skógum. Leyfishafi verður Valgerður H. Bjarnadóttir í stað Agnesar Þ. Guðbjartsdóttur. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við erindið.

### 7. Fjárhagsstaða – yfirlit:

Frestað til næsta fundar.

#### Til kynningar:

A) Velferðarvaktin:

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50

Ólína Arnkelsdóttir	Friðrika Sigurgeirsdóttir
Margrét Bjarnadóttir	Sigurður Hlynur Snæbjörnsson
Guðrún Tryggvadóttir	Eiður Jónsson
Sigurður Skúlason	

## Menningar- og viðurkenningasjóður KEA auglýsir eftir styrkumsóknum

### Styrkúthlutun tekur til eftirfarandi flokka:

- o Til einstaklinga, félaga eða hópa sem vinna að mikilvægum menningarmálum á félagssvæðinu. Um getur verið að ræða málefni á sviði félagsmála, minja, lista og almennt þeirra málefna sem flokkast sem menning í viðtækri merkingu.
- o Til þátttökuverkefna á sviði menningarmála. Í þessum flokki er horft til stærri verkefna á sviði menningarmála á félagssvæði KEA.
- o Til ungra afreksmanna á sviði mennta, lista og íþróttá eða til viðurkenninga fyrir sérstök afrek s.s. á sviði björgunarmála. Í þessum flokki skulu umsækjendur vera yngri en 25 ára og búsettir á félagssvæði KEA.
- o Styrkir til íþróttamála. Markmiðið er að stuðla að því að sem flest börn og unglingar eigi kost á íþróttaiðkun og að íþróttamenn eða lið sem skara fram úr geti stundað markvissar æfingar og sótt mót við sitt hæfi. Einnig falla hér undir verkefni sem eru til þess fallin að stuðla að heilbrigðum lífstíl almennings eða snúa að uppbyggingu á aðstöðu til íþróttaiðkunar.

Umsækjendur eru hvattir til að kynna sér nánari útlitun á úthlutunarflokkum og reglugerð sjóðsins á heimasíðu KEA [www.kea.is](http://www.kea.is)

**Umsóknarfrestur er til 30. september 2012.** Nauðsynlegt er að fylla út umsóknareyðublað sem nálgast má á heimasíðunni eða á skrifstofu KEA, Glerárgötu 36, 600 Akureyri.



# *MýSköpun*

## *Tækifæri til sóknar*

Stofnfundur MýSköpunar ehf. verður haldinn í Reykjahlíðarskóla miðvikudaginn 12. september kl. 16:00

*Verkefni MýSköpunar snúast um nýtingu afgangsvarma frá Bjarnarflags- og/ eða Kröfluvirkjunum til umhverfisvænnar nýsköpunar.*

1. Fundarsetning og stutt kynning á aðdraganda verkefnisins
2. Úlfaldinn og mýflugan; Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands
3. Skiptir MýSköpun mig máli; sýn ungs heimamann
4. MýSköpun - flóra tækifæra; Rannveig Björnsdóttir dósent við HA og fagstjóri eldis hjá Matís ehf
5. Stiklað á stóru, samantekt frá kynningarfundum 8. júní síðastliðinn; Erla Sigurðardóttir verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands
6. Kynning á samþykktum MýSköpunar ehf.; Sigurður Steingrímsson verkefnisstjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands

### Kaffihlé

7. Umræður um samþykktir MýSköpunar ehf.
8. Stofnun MýSköpunar ehf.

Fundarstjóri Dagbjört Bjarnadóttir, oddviti Skútustaðahrepps



## FUNDARGERÐ



Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar

108. fundur

í Kjarna fimmtudaginn 30. ágúst 2012 kl. 13:00

### Dagskrá:

1. Fundarsetning;
2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.08.2012;
3. Vegagerðin – niðurfelling vega af vegaskrá;
4. Samningar vegna snjómoksturs;
5. Fjárhagsstaða – yfirlit;

### Til kynningar:

A) Velferðarvaktin:

Mætt: Ólína Arnkelsdóttir, Margrét Bjarnadóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, Guðrún Tryggvadóttir í forföllum Árna Péturs Hilmarssonar, Sigurður Skúlason í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar og Eiður Jónsson í forföllum Arnórs Benónýssonar auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

### 1. Fundarsetning:

Oddviti setti fund. Hann óskaði eftir að tekið yrði á dagskrá undir 5. lið; Umsókn um rekstrarleyfi – Gerði-gistiheimili og undir 6. lið; Breyting á rekstrarleyfi – Gamli barnaskólinn, Skógum, aðrir liðir færast því neðar á dagskrána sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

### 2. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.08.2012:

Lögð fram fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar frá 23.08.2012. Guðrún gerði grein fyrir fundargerðinni. Sveitarstjórn samþykkir samkvæmt tillögu nefndarinnar 1. til 6. lið fundargerðarinnar. Varðandi 7. lið; breytt lega reiðleiðar um Skóga, gerir sveitarstjórn ekki athugasemdir við umrædda breytingu en felur skipulagsfulltrúa að láta gera breytingu á viðkomandi

aðalskipulagsupprætti sem verði síðan lagður fyrir sveitarstjórn

## Vísindi á virkum degi

Þriðjudagskvöldið **11. september** klukkan **20:00** flytur Einar Sveinbjörnsson veðurfræðingur fræðsluerindi í Dalakofanum á Laugum um veðurfar í Þingeyjarsýslu:

**Sérkenni veðurfars í S-Þing - miklar andstæður frá fjöru til fjalla.**


Erindið er hið fyrsta í röð nokkurra fræðsluerinda sem flutt verða í vetur á vegum Urðarbrunnns undir heitinu *Vísindi á virkum degi*.

Þá má benda áhugafólki um veðurfar á að á heimsíðu Þingeyjarskóla á Litlulaugum; [www.litlulaugaskoli.is](http://www.litlulaugaskoli.is) er að finna flipa sem ber heitið

**Veðurstöð**. Þar er að finna ýmsar upplýsingar um veðurfar á Laugum.

Aðgangur að erindi Einars er ókeypis og heitt verður á könnunni. Allir hjartanlega velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

**Urðarbrunnur**



## Bókasafn Reykdæla

verður opið í vetur frá og með 6. september  
mánudaga kl. 20.00 – 22.00  
fimmtudaga kl. 16.00 – 18.00

Velkomin á bókasafnið!

Sími: 464 3180  
Bókavörður



Opnunartími til 11. september

**Sundlaug og grill kl. 17:00 - 21:00**

Sundlaug - tjaldstæði – gisting  
Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn

Fjölbreyttar veitingar

sími 464 3903

[www.heidarbaer.is](http://www.heidarbaer.is)

Seljum Veiðikortið og Útilegukortið



## Afmæli

**Guðrún Sigurðardóttir**, Hróarsstöðum, Fnjóskadal,  
verður 95 ára, 7. september næstkomandi.  
Hún heldur upp á afmæli sitt á Grenilundi Grenivík,  
sunnudaginn 9. september kl. 15:00 - 18:00.

**Verið hjartanlega velkomin**



## Villibráða- og Jólahlaðborð Sæl-Hótel Mývatns



Nú stýttist í okkar árlegu villibráðar- og jólahlaðborðstemmingu.  
Endilega pantið í tíma

Villibráðahlaðborð 20. október

Villibráðahlaðborð 27. október

Verð fyrir kvöldið (matur og lifandi tónlisti) kr. 7.950,- á mann  
Tilboð til hópa 7.500,- á mann (miðað við 10 manns eða fleiri)

Jólahlaðborð 1. desember

Jólahlaðborð 7. desember

Jólahlaðborð 8. desember

Jólahlaðborð 15. desember

Verð fyrir kvöldið (matur og lifandi tónlist) kr. 7.950,- á mann  
Tilboð til hópa 7.500,- á mann (miðað við 10 manns eða fleiri)

Fjölskyldujólahlaðborð 9. desember kl. 17:00

Fjölskyldujólahlaðborð 16. desember kl. 17:00

Verð 3-6 ára 700,-

Verð 7-12 ára 1.950,-

Verð 13-16 ára 2.900,-

Verð fullorðnir 4.500,-

*Gos eða safi innifalið*

Vinsamlega pantið tímanlega í síma 464 4164

Nánari upplýsingar um matseðilinn er hægt að sjá á

[www.myvatn.is](http://www.myvatn.is)

Opið alla daga nema lokum 20.-27. Desember

Verið hjartanlega velkomin!



36.tbl.  
6. september  
2012  
19. árg.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is, s: 4643366 / gsm: 8953386



## Uglaan café

Gamla barnaskólanum Skógum í Fnjóskadal

Uglaan er opin til 9. september

**TENGJA** – sýning á myndverkum Hrefnu Harðardóttur

\*

Fimmtudagur 6. september kl. 20

**Draumar** – elsta listform mannkyns

Hugleiðingar um drauma í gegnum tíðina: Valgerður H. Bjarnadóttir

\*

Sunnudagur 9. september kl. 15

**Söngur, sögur og kveðskapur**

Þór Sigurðsson og Rósa María Stefánsdóttir

\*\*\*

Miðvikudagur 12. september kl. 17 – aukaviðburður

**Járnvinnsluminjar frá miðöldum**

Guðmundur Stefán Sigurðsson, fornleifafræðingur hjá Byggðasafni  
Skagfirðinga

segir frá helstu niðurstöðum fornleifauppgraftar í Skógum og leiðir fólk  
um svæðið.

Uglaan verður opin af því tilefni frá kl. 15

**Borðapantanir og upplýsingar**

[www.facebook.com/uglaancafe](http://www.facebook.com/uglaancafe) og [www.vanadis.is](http://www.vanadis.is)

sími 895 3319